

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 153. fundur

Þriðjudaginn 19. ágúst 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00. Þorleifur Ingvarsson, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt voru: Þorleifur Ingvarsson, Sigrún Hauksdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Jón Gíslason, Þóra Sverrisdóttir, Magnús R. Sigurðsson, Jakob Sigurjónsson, Rannveig Lena Gísladóttir, aðalbókari og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Skýrsla Capacent vegna ráðningar sveitarstjóra.**
2. **Stöðuyfirlit Húnavatnshrepps frá 30. júní 2014.**
3. **Fundargerðir:**
 - a) Hússtjórnar Dalsmynnis frá 30.júlí 2014.
 - b) Fjallskilastjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps frá 6. ágúst 2014 ásamt fjárhagsáætlun.
 - c) Fjallskilastjórnar Auðkúluheiðar ásamt fjárhagsáætlun frá 11. ágúst 2014.
 - d) Fjallskilastjórnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, frá 13.ágúst 2014.
4. **Bréf sem borist hafa**
 - a) Frá Textilsetri Íslands, ódagsett.
 - b) Frá Ferðamálastofu, dagsett 5. ágúst 2014.
5. **Kosning nefndar til skoðunar á sorphirðumálum og gjaldskráum þeim tengdum**
(frestað frá fundi 152).
6. **Samningur um þátttöku ríkisins í kostnaði við refaveiðar** (frestað frá fundi 152).
7. **Önnur mál.**

Oddviti setti fundinn kl. 13:00.

Oddviti bauð nýjan sveitarstjóra velkominn til starfa.

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð Skipulags- og bygginganefndar frá 18. ágúst 2014 verður e í lið 3, fundargerð Fræðslunefndar frá 18. ágúst 2014 verður f í lið 3 og fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún verður g í lið 3. Bréf frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún verður c í lið 4.

1. Skýrsla Capacent vegna ráðningar sveitarstjóra.

- a. *Oddviti lagði fram til kynningar, skýrslu frá Ragnheiði Dagsdóttur, ráðgjafa hjá Capacent vegna ráðningar sveitarstjóra. Umræður urðu um skýrslu Capacent. Capacent er falið að svara þeim umsækjendum sem óskuðu eftir rökstuðningi vegna ráðningar sveitarstjóra.*

2. Stöðuyfirlit Húnavatnshrepps frá 30. júní 2014.

- a. *Lagt fram til kynningar.*
 - i. *Umræður voru um stöðuyfirlit (yfirlit aðalbókar fyrstu sex mánuði ársins), skoða þarf nokkra liði sem stefna fram úr áætlun.*

3. Fundargerðir:

- a. *Hússtjórnar Dalsmynnis frá 30.júlí 2014.*
 - i. *Lagt fram til kynningar*
- b. *Fjallskilastjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps frá 6. ágúst 2014 ásamt fjárhagsáætlun.*
 - i. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn tekur undir hugmyndir um að samræma smaladaga á milli Skagfirðinga og Húnavetninga í Laxárdalsfjöllum. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.*
- c. *Fjallskilastjórnar Auðkúluheiðar ásamt fjárhagsáætlun frá 11. ágúst 2014.*
 - i. *Lagt fram til kynningar og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.*
- d. *Fjallskilastjórnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, frá 13.ágúst 2014.*
 - i. *Lagt fram til kynningar. Fulltrúar E lista óskuðu eftir fundarhléi var orðið við því. Fundi framhaldið.*
 - ii. *Fulltrúar E lista leggja fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar E lista telja óeðlilegt að seinka smölun á hrossum í Víðidalsfjalli þar til í þriðju göngum þann 3. október, þar sem það hefur ekki verið tekið til umfjöllunar á almennum fjallskiladeildarfundum Grímstungu- og Haukagilsheiðar.*
 - iii. *Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.*

e. Fundargerð Skipulags- og bygginganefndar frá 18. ágúst 2014.

i. *Lagt fram til kynningar og/eða samþykktar.*

1. *Verkaskipting nefndarmanna.*

a. *Lagt fram til kynningar.*

2. *Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar og efnistökusvæði við Kjalveg.*

a. *Samþykkt samhljóða.*

3. *Erindi frá Birni Magnússyni, umsókn um breytta notkun á matshluta 03 á lóðinni 222371 úr véla- og verkfærageymslu í pökkunar- og lagerrými og byggingarleyfi til breytinga á sama matshluta.*

a. *Samþykkt samhljóða.*

4. *Erindi frá Árdísi G. Erlendsdóttur, umsókn um heimild til að stofna byggingarreiti fyrir frístundahús annars vegar og gestahús hins vegar í landi Stóru-Giljár lands 2, landsnr. 221139.*

a. *Samþykkt samhljóða.*

5. *Erindi frá Hveravallafélaginu, umsókn um stöðuleyfi fyrir 3 gámaeiningar og eitt fjarskiptamastur. Fjarskiptamastrið og 20 feta hljóðeinangraðan vélagám er sótt um að setja á hæð um 700m norðaustan við Hveravelli og verður þessi búnaður settur upp í samvinnu við Vodafone og Neyðarlínuna ef leyfi fæst. Einnig er sótt um að bæta við 10 feta gám fyrir snyrtingu koma honum fyrir og tengja hann til bráðabirða við nýja rotþró, þegar þessi snyrting er kominn í gagnið verður núverandi snyrtiaðstaða færð að þeirri nýju og tengd við nýju rotþróna. Loks er sótt um að setja 20 feta gámahús á þann stað sem snyrtingin er nú og verður hann notaður sem þvottaaðstaða, þ.e. fyrir þvottavél, þurkara og geymslu fyrir hreinlætisvörur, lín ofl.*

- a. *Samþykkt var samhljóða að staðfesta stöðuleyfi til eins árs fyrir gámaeiningar fyrir snyrtingar og þvottaaðstöðu ofl.*
 - 6. *Erindi frá Ingimar Jóhannssyni, umsókn um byggingarleyfi til að rífa gömlu útihúsin í Grímstungu, byggingarár 1950, þar að segja 05 hesthús, 06 fjárhús, 08 hlaða og 10 haughús.*
 - a. *Samþykkt samhljóða.*
 - 7. *Erindi frá Magnúsi Hreinssyni, umsókn um breytta notkun á útihúsum í Neðra Holti landnr. 144777. Sótt er um að geymsla 213-6436 verði bakarí og fjárhús með áburðarkjallara 213-6438 verði aðstaða fyrir bakarí og aðra matvælavinnslu.*
 - a. *Til kynningar þar sem afgreiðslu var frestað af hálfu skipulags- og byggingarnefndar.*
 - 8. *Endurskoðun á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna skilgreiningar á námum í sveitarfélaginu.*
 - a. *Lagt fram til kynningar.*
- f. *Fundargerð Fræðslunefndar frá 18. ágúst 2014.*
 - i. *Lagt fram til kynningar.*
 - 1. *Liður 4 vegna umsókna um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.*
 - a. *Fært í trúnaðarbók.*
- g. *Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 7. ágúst 2014.*
 - i. *Lagt fram til kynningar.*

4. Bréf

- a. *Frá Textílsetri Íslands vegna ráðstefnu um stuttrófukyn sauðfjár í Norður Atlantshafi 4.-8. sept 2014.*
 - i. *Lagt fram til kynningar jafnframt var sótt um styrk til sveitarfélagsins vegna ráðstefnunnar. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja ráðstefnuna um 150.000 kr. af lið 0589.*

b. Frá Ferðamálastofu vegna tilnefningu fulltrúa í kortlagningu auðlinda í ferðaþjónustunnar, dagsett 5. ágúst 2014.

i. Lagt fram til kynningar og jafnframt samþykkt að tilnefna eftirfarandi fulltrúa: Hauk Suska Garðarsson, Hvammi 2, Jón Gíslason, Hofi og Erlu Gunnarsdóttur, Svínavatni.

c. Frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún, vegna staðfestingu sveitarstjórnar á lántöku vegna endurbóta á Sæborg Skagaströnd.

i. Lagt fram til kynningar og jafnframt var eftirfarandi samþykkt: Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 17.000.000 kr. til 20 ára, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún er tekið til að fjármagna endurbætur húseignarinnar Sæborg, Skagaströnd sem er lánshæft verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Ennfremur er Magnúsi B. Jónssyni, kt. 140452-4679, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Húnavatnshrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

5. Kosning nefndar til skoðunar á sorphirðumálum og gjaldskráum þeim tengdum (frestað frá fundi 152).

a) Eftirfarandi voru kjörnir í nefndina: Þorleifur Ingvarsson, Jóhanna Magnúsdóttir og Magnús R. Sigurðsson.

6. Samningur um þátttöku ríkisins í kostnaði við refaveiðar (frestað frá fundi 152).

a. Samningur um refaveiðar 2014 til 2016 lagður fram að nýju og samþykkt að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn.

7. Önnur mál.

- a. Sumarhótel á Húnavöllum.
 - i. Sveitarstjóra var falið að kanna valkosti, þar sem leigusamningur er að renna út, og upplýsa sveitarstjórn um stöðu mála.
- b. Heimasíða ofl.
 - i. Sveitarstjóri greindi frá atriðum sem viðkoma heimasíðu, ljósleiðara ofl.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 17:05

Þorleifur Ingvarsson

Jóhanna Magnúsdóttir

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Sigrún Hauksdóttir

Magnús R. Sigurðsson

Jakob Sigurjónsson

Einar Kristján Jónsson